

Heimanám í Dalvíkurskóla

Í 5. grein reglugerðar um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum stendur:

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.

Markmið heimanáms

- Að heimanám sé samstarfsverkefni heimilis og skóla
- Að efla lestrarfærni og lesskilning nemenda.
- Að efla nemandann sem námsmann, dýpka skilning hans og auka hæfni.
- Að hluti heimanáms tengist sköpunarverkefnum og áhugamálum nemanda.

Auk heimalestrar og sköpunarverkefna býðst foreldrum og nemendum að velja annað heimanám í samráði við kennara.

Með lestri og lestrartengdum verkefnum er átt við yndislestur og lestur námsefnis ásamt verkefnum því tengdu.

1.-4. bekkur

Lestur og lestrartengd verkefni og eitt sköpunarverkefni á önn. Auk þess getur verið hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við heimili.

5. og 6. bekkur

Lestur og lestrartengd verkefni og eitt sköpunarverkefni á önn. Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara.

7.-10. bekkur

Lestur lestrartengd verkefni og að minnsta kosti eitt stærra verkefni á önn (ritgerðir og sköpunarverkefni). Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Á stundaskrá nemenda í 7. – 10. bekk eru tímar vikulega, þar sem nemendur hafa tækifæri á að vinna í verkefnum og heimanámi.